

Ár 2019, fimmtudaginn 4. júlí, er fundur haldinn í Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík af nefndarmönnum Gunnari Guðmundssyni, Halldóri Frímannssyni og Helga R. Magnússyni.

Fyrir er tekið málið nr. 6/2019

Knattspyrnudeild Þórs fh. Þórs/KA/Hamranna
gegn
HK/Víkingi

Gögn málsins merkt nr. 1-3 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Knattspyrnudeild Þórs, fh. Þór/KA
Fyrirsvarsmaður: Reimar Helgason

Kærði:

HK/Víkingur
Fyrirsvarsmaður: Katla Guðjónsdóttir

Mál þetta var mótttekið af skrifstofu KSÍ þann 12. júní s.l. Kærða var gefinn kostur á að skila greinargerð og barst hún þann 21. júní s.l.

Kröfur:

Kærandi krefst þess aðallega að leikur HK/Víkings gegn Þór/KA/Hömrnum í bikarkeppni 2. flokks kvenna sem fram fór þann 8. júní s.l. verði úrskurðaður tapður fyrir heimaliðið.

Til vara er þess krafist að umræddur leikur verði endurtekinn á heimavelli kæranda án kostnaðar fyrir kærða vegna ferðalags kærða á leikinn og að eftir atvikum verði beitt áminningum, ávítum eða öðrum tilhlýðilegum refsingum fyrir meint brot heimaliðsins.

Kærði krefst sýknu af öllum kröfum kæranda í máli þessu.

II.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málavöxtum þannig að í hinum tilgreinda leik milli HK/Víkings og Þórs/KA/Hamranna hafi sami einstaklingur gegnt starfi aðstoðardómara í fyrri hálfleik en síðan tekið þátt í leiknum sem leikmaður HK/Víkings með innáskiptingu á 64. mín. leiksins. Afar líklegt sé að annar varamaður heimaliðsins hafi tekið við sem aðstoðardómari í seinni hálfleik en kærandi er ekki með upplýsingar um hver það hafi verið.

Kærandi vísar máli sínu til stuðnings til 9. 17. og 19. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót.

Kærði mótmælir ekki málsatvikum kæranda en tekur fram að sú skylda hvíli á heimaliði að tilnefna aðstoðardómara á leiki í þessum aldursflokki og óumdeild sé að svo hafi verið gert. Hvergi sé að finna ákvæði þess efnis í reglugerð um mótamál að einstaklingur geti ekki gengt tveimur hlutverkum í leiknum eins undarlega og það hljómar. Jafnframt vísar kærði til fyrri úrskurða Aga og úrskurðarnefndar í málum sem þessu.

III.

Niðurstaða:

Í máli þessu er það óumdeilt að leikmaður nr. 2 spilaði leikinn fram að 64. mín. leiksins en fór þá af velli og tók þá við sem aðstoðardómari. Það er vissulega ekki til eftirbreytni að leikmenn sem eru á leikskýrslu taki að sér störf aðstoðardómara hvort sem þeir eru með réttindi eða ekki. Einnig er það ámælisvert að dómari leiksins hafi ekki gengið með fullnægjandi hætti frá frá leikskýrslu umrædds leiks. Þó liggur fyrir að kærandi hreyfði ekki mótmælum við þessa tilhögun meðan á leik stóð og verður því, með tilvísun til gr. 38.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, að líta svo á að kærandi hafi samþykkt umrædda tilhögun.

Í samræmi við ofnagreint er niðurstaðan sú að sýkna beri kærða af öllum kröfum kæranda í máli þessu.

IV.

Úrskurðarorð:

Úrslit í leik HK/Víkings og Þórs/KA/Hamranna í bikarkeppni 2. flokks kvenna sem fram fór þann 8. júní 2019 skulu standa óhögguð.

Helgi R. Magnússon [sign]

Gunnar Guðmundsson [sign]

Halldór Frímannsson [sign]

Um áfrýjun:

Samkvæmt grein 14.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til Árýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður Aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.